

Ársskýrsla 1966

KÖRFUKNATTLÉIKSSAMBAND ÍSLANDS.

Stjórn.

Stjórn KKÍ var bannig skipuð á árinu: Dogi Þorsteinsson form., Magnús Björnsson varaform., Gunnar Petersen féjirðir. Práinn Scheving fundarritari, Helgi Sigursson bréfritari, Ásgeir Guðmundsson form útbreislu nefndar, og Guðjón Magnússon, form lagas- og leikrelunefndar.

Stjórnarstörf.

Alls voru haldnir 41 bókaðir stjórnarfundir á árinu en alls 190 fundir frá stofnun KKÍ. Störf stjórnarinnar verða stöðugt umfangsmeiri og tímafrekari, eftir því sem starfsoni sambandsins vex með ári hverju.

Að þessu tímabili voru 7 leikir leiknir við erlend lið á vegum KKÍ hér heima, þar af 4 landsleikir, Ennfremur voru 4 landsleikir leikmir í Danmörku á Polar Cup mótinu í Kaupmannahöfn um páskana.

Mikil vinna var í sambandi við undirbúning allra þessara leikja og þar sem mikill fjárhagslegur halli varð af þeim heinsóknnum svo og kostnaður við þjálfun og sendingu landsliðs á Polar Cup, þá varð KKÍ að efna til sérstaks happdrættis til fjároflunar.

Sérstakur framkvæmdastjóri var ráðinn til að sjá um framkvand íslandsmóti, en það var Guðmundur Þorsteinsson formaður KKDI og kann stjórn KKÍ honum pakkir fyrir vel unnin störf.

Útbreiðslunefnd KKÍ réði einnig framkvæmdarstjóra, Þórarinn Ragnarsson íþróttakennari og verður starfa hans sérstaklega getið í skyrlu nefndarinnar.

Fimm ára afmæli KKÍ var halddið hátiðlegt með fagnaði að Tjarnarbúð að kvöldi þess 30. jan. s.l. Varð það hin ágtasta skemmtun, enda hafði landslið okkar sigrað Skota í landsleikjum þeði þann 29. og 30. og færði því sambandinu tvöfaldan landsliðs-sigur í afmælisgjöf.

Ennfremur voru landsliðsmerki KKÍ afhent í fyrsta skipti á þessum fagnaði.

Heimsóknir erlendra körfuknattleiksliða.

1. Kentucky State College.

Samtökin People to People Sports, sem stóð fyrir heimsókn landsliðs okkar til Bandaríkjanna og Kanada veturninn 1964-65, hefir ekki gert endaslept með aðstoð sína við íslenzka körfuknattleik. Í vegum þessara samtaka hafa 4 erlend körfuknattleikslið gist ísland og leikið við íslenzk lið.

Síðasliðið haust barst KKÍ boð frá People to People um að körfuknattleikslið Kentucky State gæti haft hér viðkomu og leikið einn eða fleiri leiki, á leið sinni til Frakklands.

Boði þessu var tekið með þökkum, enda þótt komið væri nærrí jólum og dagur sá er valdist til keppninnar, þ.e. 22. desember væri í alla staði óheppilegur, vegna hins mikla annríkis fólks, svo skömmu fyrir jól.

Hinir tæplega Áhorfendur, sem mættu í íþróttahöllinni þetta kvöld, fengu að sjá úrvals körfuknattleik. Lið Kentucky State, sem skipað var eingöngu negrum, er talið mjög storkt á Bandarískan mælikvarða og þjálfari liðsins, John B. McLendon mjög vel bekktur og verið m.a. þjálfari bandarískra stúdentaliðsins, sem sigraði í heimsmicistarakeppni stúdenta 1965.

Lið Kentucky State sigraði með 16 stiga mun, eða með 92:76 og verður það að teljast mjög frambærilegur árangur hjá hinu íslenzka liði.

Pví miður var fjárhagslegur halli af þessari heimsókn, en íþróttalega séð verður að telja að við höfum hagnast fromur en hitt. Körfuknattlciksmenn okkar fengu tækifæri til, í fyrsta skipti, að mæta fyrsta flokks erlendu liði á heimavelli, liði som var í fullkominni líkamlegri þjálfun. Og síðast en ekki síst, þá rómuðu Kentucky-menn mjög gestrisni okkar og viðtökur allar og báru okkur vel söguna er heim kom, Er slíkt ekki lítils virði vegna aukinna viðskipta við bandarísk háskólahlið.

Á laugardagsmorguninn var komið aftakaveður í Reykjavík, með svo miklu roki, að þök tók af húsum, en svo til öll umferð um borgina stöðvaðist. Var svo komið, að skömmu áður en leikurinn átti að hefjast, löggðust strætisvagnaferðir niður um borgina.

Prátt fyrir þetta óveður mættu um 300 áhorfendur á leiknum. Leikurinn var vel leikinn af okkar mönnum og sigur hins íslenzka liðs aldrei verulega í hættu,

Leiknum lauk með sigri Íslands 65 gegn 46.

Daginn eftir fór síðari leikurinn fram. Veðrinu hafði að vísu slotað nokkuð, en var þó hvergi nærri gott, Áhorfendur voru sárafáir eins og fyrri daginn.

Ísland bar einnig sigur úr býtum í þessum leik og færði ísle íslenza landsliðið þannig KKÍ 2 landsliðs sigra í afmælisgjöf.

Úrslitatölur síðari landsleiksins gegn Skotum voru 66:43.

Stjórn KKÍ hafði ákveðið að bjóða Þorsteini Hallgrímssyni, sem stundar nám í Kaupmannahöfn, heim til að leika þessa tvo landsleiki gegn Skotum. Þorsteinn þáði boðið og má fullyrða að leikur hans með liðinu átti drjúgann þátt í sigri íslendinga.

Um kvöldið, eftir síðari landsleikinn, sátu bæði liðin virðulegt kvöldverðarboð Menntamálráðuneytisins undir stjórn Knúts Hallssonar deildarstjóra. Var það hinn besti fagnaður.

Síðara kvöldið var haldin afnælischátíð KKÍ í Tjarnarbúð. Pangar hafði verið boðið öllum landsliðsmönnum, sem leikið höfðu í landsliði í körfuknattleik frá stofnun KKÍ 1961. Einn landsleikur hafði farið fram á vegum Í.S.Í. árið 1959, en þeir piltar er þá léku höfðu allir hlutið landsliðsmerki Í.S.Í. Hinsvegar hafði KKÍ ekki haft fjárhægslegt bolmagn til að láta gerða landsliðsmerki fyrr en nú og var ákveðið að afhenda landliðsmerki á 5 ára afmælinu.

Pessir hlutu landsliðsmerki KKÍ:

	Fél.	Landsl.	Ungl. landsł.
Birgir Örn Birgis	A.	18	
Þorsteinn Hallgrímsson	ÍR.	16	
Hólmsteinn Sigurðsson	ÍR.	17	
Ólafur Thorlacíus	KFR.	16	
Agnar Friðriksson	ÍR.	12	4
Davíð Helgason	A.	11	
Einar Matthiasson	KFR.	11	
Einar Bollason	KR.	11	
Gunnar Gunnarsson	KR.	11	4
Kristinn Stefánsson	KR.	9	4
Kolbeinn Pálsson	KR.	8	4
Guðmundur Þorsteinsson	ÍR.	6	
Haukur Hannesson	ÍR.	4	
Sigurður E. Gíslason	ÍR.	4	
Sigurður P. Gíslason	ÍR.	4	
Birgir Jakobsson	ÍR.	4	
Bjarni Jónsson	ÍKF.	4	
Ingi Þorsteinsson	KFR.	3	
Sigurður Ingólfsson	A.	3	4
Ingi Gunnarsson	ÍKF.	3	
Anton Bjarnason	ÍR.	3	4
Hjörtur Hansson	KR.	4	4
Marinó Sveinsson	KFR.	2	
Viðar Ólafsson	ÍR.		4
Tómás Zoëga	ÍR.		4
Donald Rader	ÍR.		4
Kristján Steinsson	KR.		4
Þorsteinn Ólafsson	KR.		4
Hörður Kristinsson	A.	2	

Afhent eftir Polar Cup 1966:

Hallgrímur Gunnarsson	A.	4
-----------------------	----	---

Pessir léku landsleik 1959 á vegum f.s.f. og eru ekki taldir að ofan:

Lárus Lárusson	ÍR.	1
Friðrik Bjarnason	ÍKF.	1
Guðni Guðnason	ÍS.	1
Jón Eysteinsson	ÍS.	1
Kristinn Jóhannsson	ÍS.	1
Pórir Arinbjarnason	ÍS.	1
Guðmundur Árnason	KFR.	1

Unglingalið Rhode Island.

Úrvalslið unglings á aldrinum 20 ára og yngri, frá Rhode Island ríki í Bandaríkjunum, kom hingað í júnímánuði.

Liðið var á vegum People to People á keppnisferðalagi til Scotlands, Englands og Luxemburg. Fyrirhugaðir höfðu verið 2 leikir gegn íslenzku unglinguúrvali, en vegna miskilnings hjá skrifstofu P. to P. í New York, breyttist ferðaáætlunin þannig, að aðeins varð um einn leik að ræða.

Leikurinn fór fram í íþróttahöllinni í Laugardal, en áhorfendur voru sárafáir. Leikurinn var jafn og spennandi frá upphafi til leiksloka og mátti ekki á milli sjá hvor aðilinn væri sterkari. Í hálfleik var staðan 30:29 fyrir Ísland, en leiknum lauk með eins stig sigri íslenzka liðsins, eða 61:60

Pessi sigur hins íslenzka unglinguúrvals kom mönnum mjög á óvart og verður að telja hann með stærri íþróttasignum íslendinga á þessu ári. Ánægjulegt var einnig að fréttu, er Rhode Island liðið var á heimleið og hafði viðkomu á Keflavíkurflugvelli, að leikurinn í Reykjavík, var eini tapleikur liðsins í ferðinni, enn alls lék liðið 12 leiki á Skotlandi, Englandi og Luxemburg.

Rhode Island piltarnir töldu einnig að besta gólfíð er þeir hefðu keppt á í ferðinni, hefði verði í Laugardalshöllinni.

Pjálfari og fararstjóri Rhode Island liðsins, luku miklu lofsorði á leik þeirra Kolbeins Pálssonar og Agnars Friðrikssonar og töldu, að þeir hvor um sig, mundu teljast liðtækir í hvaða háskólalið sem væri í Bandaríkjunum.

Massachusetts Institute of Technology.

M.I.T. í Boston, var einn þeirra háskóla, sem lanslið okkar heimsótti í Bandaríkjaför sinni veturinn 1965.

Leik okkar við M.I.T. í Boston, töpuðu síð með 80:64, en það var einn þeirra leikja, sem við töldum að með örlítilli heppni og óþreyttu liði, hefðum við átt að vinna.

Þegar People to People bauð okkur leik við M.I.T., er liðið var að hefja 5 vikna kepnisferðalag til Evrópu, þá var það boð begið með þökkum. Nú gafst tækifæri til að endurnýja kunningsskap við piltana, sem við höfðum keppt við í Boston, því margir þeir sömu voru ennþá í liðinu. Ennfremur bauðst okkur kærkomið tækifæri til að bera saman styrk landsliðs okkar í dag og liðsins sem keppti í Bandaríkjunum veturinn 1964-65.

Því miður fengum við ekki inni með leikinn í íþróttahöllinni í Laugardal, þar sem undirbúningur undir lönsýningu var að hefjast. Leikurinn var því háður í íþróttahúsi varnarlisins á Keflavíkurflugvelli og fór hann fram 2. ágúst að viðstöddum um 500 áhorfendum, þar af voru 300 varnarliðsmenn og fjölskyldur þeirra á frímiðum.

Nokkuð á óvænt, þá sigraði íslenzka liðið, með 61:56 og má segja að sigur þess hafi aldrei verið verulega í hættu.

Þjálfari liðsins M.I.T. sagði eftir leikinn, að hann undraðist stórvægi, þær framfarir, sem orðið héfðu hjá íslenzku körfuknattleiksmönnum, miðað við getu landsliðsins í Boston 1965.

Lið M.I.T. keppti í Jugoslaviu, Grikklandi og Ítalíu, alls 26 leiki, þær af sigraði liðið í 14 leikjum, en tapaði 12 og mörgum þeirra leikja með eins eða tveggja stiga mun, gegn andstæðingum eins og landsliði Grikklands og grískum og jugoslavneskum úrvalsliðum.

Polar Cup.

Árið 1962 átti sánska körfuknattleikssambandið 10 ára afmæli. Í því tilefni buðu Sviar hinum Norðurlandabjóðunum til keppni í Stokkhólmi, um bikar sem sánska sambandið gaf og nefndi Polar Cup.

Að ráðstefnu hinna norrænu körfuknattleikssambanda, sem haldin var í Stokkhólmi á sama tíma, var samþykkt reglugerð fyrir Polar Cup keppnina og jafnframt að keppnin skyldi hljóta viðurkenningu, sem Meistaramót Norðurlanda í körfuknattleik.

Polar Cup keppnin er haldin annaðhvort ár og til skiptis hjá þáttatakendum. 1966 áttu Danir að sjá um mótið og var það haldið í Kaupmannhöfn um páskana.

Um s.l. áramót hóf KKÍ undirbúning undir þáttöku Íslands í Polar Cup keppninni. Þeir Helgi Jóhannsson landsliðspjálfari og Jón Eysteinsson lögfræðingur og gamall landsliðsmaður, voru skipaðir í landsliðsnefnd til að velja í landsliðið og sjá um æfingar.

Erfiðlega gekk að fá húsnæði undir landsliðsæfingarnar, en þó fíkkst eitt kvöld í viku í Réttarholtsskólanum og Reykjavíkurfélögin hlupu einnig undir bagga með að lána KKÍ nokkra af æfingartínum sínum.

Liðið sem valið var til keppninnar var þannig skipað:	
Birgir Örn Birgis, Ármanni.	14 landsleiki.
Einar Bollason, K.R.	7 "
Agnar Friðriksson, f.R.	8 "
Hólmsteinn Sigurðsson, f.R.	13 "
Hallgrímur Gunnarsson, Ármann.	0 "
Kolbeinn Pálsson, K.R. fyrirliði.	4 "
Ólafur Thorlacius, K.F.R.	12 "
Gunnar Gunnarsson, K.R.	7 "
Þorsteinn Hallgrímsson, f.R.	12 "
Einar Matthíasson, K.F.R.	7 "
Kristinn Stefánsson, K.R.	5 "

Petta er tvímælalaust leikreyndasta körfuknattleikslið, sem keppt hefir fyrir Íslands hönd á erlendum vettvangi. Þorsteinn Hallgrímsson gat að sjálfsögðu ekki æft með landsliðinu, þar sem hann var við nám í Kaupmannahöfn og lék þar með dönsku liði. Hann mætt hinsvegar liðinu við komuna til Kaupmannahafnar og gat verið með því á einni æfingu áður en mótið sjálft hófst.

Í farastjórn á Polar Cup í Kaupmannahöfn voru þessir: Bogi Þorsteinsson form. KKÍ, Gunnar Petersen gjaldkeri KKÍ og Jón Eysteinsson landsliðsnefndarmaður. Helgi Jóhannsson var landsliðspjálfari og Guðjón Magnússon mætti fyrir Íslands hönd sem dómari.

Lagt var af stað til Kaupmannahafnar á Skírdagsmorgun með flugvél frá Flugfélagi Íslands.

E til Kaupmannahafnar kom mætti okkur fulltrúi DDBF á flugvellinum. Var ekið með formann, þjálfara og dómara á Hotel Österport, en þar skyldi þeir búa, ásamt farastjórum og þjálfurum hinna landanna. Liðsmennirnir, ásamt Gunnari Petersen og Jóni Eysteynssyni voru keyrðir út til Herlev, en þar skyldu þeir búa í Herlevhallen ásamt hinum liðunum. Flestir Leikirnir fóru einnig fram í Herlevuhallen, sem er nýtt íþróttahús og hið vandaðasta á allan hátt.

Mótið hófst kl. 14.30 á föstudaginn langa með leik Íslands og Noregs. Petta var fyrsti leikur Norðmanna í Polar Cup og jafnframt fyrsti landsleikur þeirra í körfuknattleik. Lék mönnum mikill hugur á að sjá hvernig hið norska lið væri og eins og svo oft vill verða með nýliða í íþróttakeppnum, þá bjuggust flestir við lítilli mótsprunu frá Norðmönnum.

Norsku piltarnir komu skemmtilega á óvart og uxu þeir með hverjum leik í mótinu. Staðan í hálfleik gegn Noregi var 32:19 og lokatölurnar urðu 74:39. Helgi þjálfari skipti óspart inná og fengu allir leikmenn okkar að leika með, þar á meðal nýliðinn Hallgrímur Gunnarsson, sem nú fékk sína oldskýrn í landsleik og skoraði sín fyrstu stig fyrir Ísland.

A laugardaginn fór fram stærsti leikur mótsins. Ísland lék gegn erkióvininum Danmörku og leiknum var sjónvarpað, cina leik mótsins, sem svo var mikið við haft. Munu Danir hafa ætlað að hefna harma sinna frá helsinki 1964, er Ísland sigraði með einu stigi, er Þorsteinn Hallgrímsson skoraði með stökkskoti örfáum sekundum fyrir leikslok.

Leikurinn gegn Dönum í Herlevhallen er tvímaðlalaust best leikni og jafnframt einn af mörgum tvísýnu landsleikjunum Íslendinga í körfuknattleik, þar sem úrslit voru ekki ráðin fyrr en á síðustu stund.

Fyrrihálfleikur var mjög jafn og voru stigin 32:32 í hálfleik. Það leiðinlega atvik skeði í lok hálfleiksins, að hinn danski tímavörður gleymdi að gefa merki, er hálfleiknum lauk og var dæmt víti á Þorstein 7 sekúndum eftir að loiktíma var lokið. Var þessu mótmælt kröftulega af Íslands hálfu og var það til þess að Guðjón Magnússon dómarí var settur við hlið tímavarðarins til að gæta þess að hann gleymdi sér ekki í hita leiksins,

Danir skoruðu fyrstu körfuna í síðarihálfleik en Agnar jafnaði. Náði Danir síðan aftur forskoti en Kolbeinn og Agnar tóku sprett og hagræddu stigatölunni í 42:36 fyrir Ísland. Danska liðið barðist af krafti og það sem kom okkur mest á óvart, var að varamenn, sem hingað til höfðu vermt bekkinga hjá Dönum komu nú inná og tóku að hitta úr langskotum, sem yfirleitt hafa ekki verið hin sterka hlið frænda vorra Dana.

Leikurinn var æsispennandi og skiptust liðin á um að leika. Þegar tæpar 30 sek. voru til leiksloka var staðan 60:58 fyrir Dani en þá jafnaði Gunnar Gunnarsson og endaði hálfleikurinn með jafntefli 60:60.

Nú var fram lengt um 5 mínútur og var æsingur áhorfenda og spenna hjá leikmönnum gífurleg.

Kristinn náði knettinum í uppkastinu og blakaði honum til Þorsteins, sem lék uppi gaf undir körfuna til Kristins, sem skoraði. Staðan er 62:60, en nú er dæmt víti á Kolbein og Daninn skorar úr öðru skotinu, dæmt víti á Gunnar og Daninn brennir báðum af. Einar Matt fær vítakast og skorar úr öðru 63:61 og Danir skora körfu og jafna. Kristinn fær 2 vítaköst og skorar úr öðru, Birgir fær 5. vítið og Danir skora úr báðum köstunum 65:64. Það er innan við Mínútu til leiksloka og Danir skora 67:65. Hólmssteinn fær 2 vítaköst og skorar úr öðru 67:66 fyrir Dani. Nú eru innan við 30 sek. til leiksloka. Kolbeinn sækir að dönsku körfunni, en er hindraður gróflega og fær daemd 2 vítaköst.

Það er dauðabögn í salnum þegar Kolbeinn tók fyrra skotið, knötturinn sveif úr mjúkum boga úr hendi Kolbeins og beint í netið án þess að snerta körguhringinn, Jafntefli og áhorfendur

Öskra eins brjálaðir. Kolbeinn snýr sér rólrga við og lítur á stigatöfluna til að fullvissa sig um stöðuna, síðan bíður hann þangað til þögn verður í salnum og aftur hafnar knötturinn í netinu og ísland leiðir 68:67 og 20 sek. til leiksloka. Danir hefja sókn og íslendingar hörfa, þeir hafa ekki efni á að brjóta á Dönum á síðustu sekúndu leiksins. Taugaspenna var of mikil fyrir danska liðið. Í stað þess að leika rólega upp og leita eftir öruggu færi á körfunni, sem íslendingar hefðu ekki getað varið nema með því að brjóta af sér, þá tók einn danski leikmaðurinn ör væntingarfull sveiflusket utanaf kanti, knötturinn hitti hringinn, hoppaði upp, en þar voru fyrir hendur Kristins Stefánssonar, sem kom knettinum í íslenzka vörzlu þær fáu sekúndur, sem eftir voru til leiksloka.

Prátt fyrir ósigurinn, þá voru forráðamenn danske sambandsins ánægðir með leikinn og töldu að betri aulýsingu fyrir körfu-knattleik hefði ekki verið hægt að fá í danske sjónvarpið.

Eins og við hafði verið búist töpuðum við leiknum gagn hinum risastóru Svíum og var stigatalan 85:62 (43:29)

Prátt fyrir pennan mun voru Svíar óánægðir með leikinn. Peir höfðu ætlað að hefna fyrir leikinn í Helsinki 1964, er ísland hafði yfir fram á síðustu mínútu og léku með sitt sterkesta lið inná allan leiktímann. Okkar mönnum tókst ekki að stöðva risana Albertsson 202 sm. sem skoraði 36 stig og Hansson sem er jafn háð og skoraði 26 stig, sensagt tveir menn skora 62 stig af 85.

Leikurinn gegn Finnlandi var einnig ójafn, svo som búist hafði verið við, eða 92:47. Nokkuð var farið að bera á leikþreytu hjá okkar mönnum, eða áhuginn farinn að dofna, þar sem ísland hafði þegar tryggt sér þriðja sætið á mótinu.

Ráðstefna.

Hin venjulega ráðstefna körfuknattleikssambanda Norðurlanda var haldin laugardaginn fyrir pásku. Fyrir hönd KKÍ sátu ráðstefnuna þeir Bogi Þorsteinsson og Jón Eysteinsson.

Ímis mál voru rædd, en mörg þeirra snertu ísland aðeins að litlu leiti, t.d. um Norðurlandameistaramót kvenna, en við erum ekki ennþá færir um senda lið til sliðrar keppni.

Samþykkt var að halda Polar Cup mótinu, sem hreinni keppni innan Norðurlandanna, frekar en að reyna að fá P.C. viðurkenndan sem svæðismót í EM, HM eða OL, ef slikt orsakaði að aðilar utan Norðurlandanna hefðu aðgang að þessari keppni.

Formaður Kórfuknattleiksraðs Norðurlanda til næsta P.C. var kjörinn Bogi Þorsteinsson, en Magnús Björnsson kjörinn ritari.

Samþykkt var einróma eð næsta Polar Cup keppni verði háð á íslandi árið 1968.

Úrslit í Polar Cup frá upphafi.

1962 í Stokkhólmi.

		<u>Staðan.</u>
Svíþjóð-Ísland	63-38 (32-21)	1. Finland 268-158 6 stig.
Danmörk-Finland	62-94 (30-41)	2. Svíþjóð 187-155 4 "
Finland-Ísland	100-47 (47-27)	3. Ísland 145-204 2 "
Svíþjóð-Danmörk	75-43 (34-17)	4. Danmörk 146-229 0 "
Svíþjóð-Finland	49-74 (24-43)	
Danmörk-Ísland	41-60 (24-24)	

1964 í Helsinki.

		<u>Staðan.</u>
Finland-Danmörk	105-40 (65-15)	1. Finland 267-142 6 stig.
Svíþjóð-Ísland	65-59 (25-23)	2. Svíþjóð 204-181 4 "
Finland-Svíþjóð	81-54 (34-26)	3. Ísland 163-201 2 "
Ísland-Danmörk	56-55 (25-26)	4. Danmörk 136-246 0 "
Svíþjóð-Danmörk	85-41 (38-19)	
Finland-Ísland	81-48 (40-19)	

1966 í Kaupmannahöfn.

		<u>Staðan.</u>
Ísland-Noregur	74-39 (32-19)	1. Finland 414-198 6 stig.
Danmörk-Finland	50-103 (47-19)	2. Svíþjóð 326-227 4 "
Svíþjóð-Ísland	85-62 (43-29)	3. Ísland 251-283 2 "
Finland-Noregur	109-39 (62-18)	4. Danmörk 244-309 0 "
Noregur-Svíþjóð	37-91 (20-40)	5. Noregur 165-347 0 "
Danmörk-Svíþjóð	54-88 (22-49)	
Finland-Ísland	92-47 (38-22)	
Noregur-Danmörk	50-73 (29-30)	
Svíþjóð-Finland	62-84 (16-41)	
Ísland-Danmörk	68-67 (32-32)	

Bikarkeppni við varnarliðsmenn.

Hinni árlegu bikarkeppni milli úrvalsliða KKRR og Bandaríkjamanna af Keflavíkurflugvelli lauk með sigri íslendinga er unnu 3 leiki af 5.

Landsliðið, sem keppti á Polar Cup-mótinu lék tvo síðustu leikina fyrir Reykjavík.

Úrslit leikjanna urðu þessi:

Reykjavík-Keflavík:flugv.	53:61
" " - " "	53:47
" " - " "	48:67
" " - " "	75:51
" " - " "	75:64

Úrvalslið KKRR vann með þessum sigri sínum til eignar hinu glæsilaga farandgrip, sem keppt hefir verið um.

Ambassador Bandaríkjanna á Íslandi, Mr. Pennfiecl, hefir nú tilkynnt að hann muni gefa bikar til að keppa um á næstu árum.

Er ánægjulegt að þessari keppni skuli haldið áfram, því af Bnadaríkjamönnum hafa íslenzkir körfuknattleiksmenn nargt lært.

Skal hér til gamans tilfæra klausu sem Danir prentuðu í leikskrá sína fyrir Polar keppnina.

Par segir svo:

"bað er altalað, að íslenzka landslið leiki á annan hátt, en hin narrænu landsliðin - í meiri Bandaríkjastíl." Petta er hárétt, og ein af ástæðunum fyrir þessu, er hin góða samvinna milli íslenzkra körfuknattleiksliða og bandarísku stöðavarinnar í Keflavík.♦

Evrópubikarkeppni meistaraliða.

Íslandsmeistararnir 1965 K.R., tóku þátt í Evrópubikarkeppni meistaraliða s.l. haust. Mættu þeir sansku meisturunum Alkví Basketball Club frá Stokkhólmi.

Leikar fóru þannig að K.R.ingar töpuðu báðum sínum leikjum, þeim fyrri, sem háður var á Keflavíkurflugvelli með 60:48.

Síðari leikurinn fór fram í Stokkhólmi, en þar töpuðu K.R.ingar 89:62.

Prátt fyrir nokkuð stórrann ósigur, þá verður að telja, að þátttaka Íslandsmeistaranna í þessari keppni, á ári hverju, sé æskileg. Þar fá körfuknattleiksmenn okkar verkofni til að glíma við, en íþróttaleg einangrun okkar, hér úti á hjara veraldar, er slík, að hætta er á að við stöndum í stað, nema um érviss viðskipti við erlendar þjóðir sé að ræða.

Leikskýrslur.

Stjórn K.K.Í. létt á árinu prenta nýtt upplag af leikskýrslum, en talsverð breyting hafði verið gerð hjá FIBA á hinu fyrra formi, auk þess sem upplag þess var á þotum.

Hér var um talsverða fjárfestingu að ræða, en hjá því varð ekki komist. Leikskýrslu formið, er til sölu hjá stjórn K.K.Í. fyrir þá aðila, er sjá um framkvæmd kappleika og móta, annara en Íslandsmóta og Bikarkeppni K.K.Í., en sambandið leggur að sjálfsögðu til leikskýrslur fyrir þá leiki. sem fara fram á vegum þess.

Tæknimerki KKÍ.

Nokkur afturkippur virðist vera kominn í áhugann fyrir knattbrautum og tæknimerki KKÍ. Ástæðan er ef til vill sú, að nýjar reglur um próf fyrir tæknimerkið voru ekki tilbúnar til útsendingar, fyrr en á miðjum vetri. Reglurnar höföu verið endurskoðaðar af Þorkeli Steinari Ellertssyni svo sem skyrt var frá í árskýrslunni í fyrra.

Einu prófskýrslurnar fyrir tæknimerkið, sem bárust, voru frá Reykjaskóla í Hrútafirði, en þær hefir Magnús H. Ólafsson íþróttakennari unnið mikið starf við útbreiðslu knattbrautanna og á hann miklar þakkir skilið fyrir það.

Alls luku 26 nemendur Reykjaskóla fyrsta stigi prófsins og hlutu járnmerkið, en 13 luku öðru stigi og hlutu bronsmerkið.

Það er von stjórnar KKÍ, að íþróttakennarar, bæði í skólum og félögum, veiti knattbrautum KKÍ veröskuldaða athyggli. Það er sammála dómur allra þeirra, er kynnt hafa sér knattbrautirnar, að þær séu sérstaklega heppilegar, til að auka á knattmeðferð og leikni nemendanna. Það er jafnan lítið gaman að þeim knattleikum, sem keppendur hafa takmarkað vald yfir knettinum. Slíkir leikir verða ætið til viljunarkendir og leiðinlegir jafnt fyrir keppendur, sem áhorfendur.

Tilgangur knattbrauta KKÍ, er sá að þjálfa menn stig af stigi, í meðferð hins dutlungafulla knattar, uns leikminni er náð og hið eftirsóttu gullmerki prýðir barm íþróttamannsins.

Oddfánar og gjafir 1965-66.

Helgi Jóhannsson landsl.bj.	
á 5 ára afmæli KKÍ:	áritaður oddfáni.
Kentucky State College:	oddfáni.
Úrvvalslið Rhode Island:	" "
Landslið Póllands:	" "
M.I.T. . .	flaggstöng með ísl. fána.
Landslið Skotlands:	oddfáni.
Landslið Noregs:	" "
Körfuknattleikssamband Danmerkur:	hestabók.

Happdrætti KKÍ.

KKÍ efndi til happdrættis í fjaröflunarskyni á sl. vori, þar sem á það höfðu hlaðist miklar skuldir vegna taps þess sem varð á landsleikjum við Pólverja og Skota í janúar og kostnaður vegna þáttöku í Polar Cup. Var aðalvinnungur Volkswagenbifreið að verðmæti kr 150.000,- auk þess tveir aukavinningar að verðmæti kr 5.000,-. Dregið var í happdrættinu 15. júní og kom aðalvinnungur upp á nr. 219, en aukavinningar á nr. 242 og 324. Aðeins voru útgefnir 350 miðar í happdrættinu og kostaði hver miði kr. 1.000,-. Hafði KKÍ nokkurn hagnað af happdrættinu,

Starfsemi laga- og leikreglunefndar 1965-1966.

í nefndinni störfuðu auk undirritaðs þeir Hólmsteinn Sigurösson og Halldór Sigurösson.

Skírteini: Strax í byrjun starfstímabilsins var hafist handa um að koma út dómaraskírteinum en prentuð voru á fyrra ári. Er brynt nauösynjamál dómara að þessi skírteini fáist gild sem aðganskort að keppniskvöldum á körfuknattleik.

Reglur: Vegna endurskoðunar og smábreytinga á alþjóðakörfuknattleiksreglum á ráðstefnu í Róm 1964 varð ekki hjá komiðt að þýða reglur þessar og gefa út. Tók Guðmundur Þorsteinsson fyrrv. form. K.K.P.Í. að sér þýðingu na. Skilaði hann því með miklum sóma og gaf vinnu sína í tilefni af 5 ára afmæli KKÍ. Útgáfunefnd f.s.Í. sér um prentun og hefur gengið seint en verður þó vonandi lokið innan tíðar.

Námskeið: Undirritðaur hélt dómaranámskeið dagana 19.-20. mars á Laugarvatni. Var það haldið á vegum Íþróttakennarskóla Íslands. Naut ég góðrar aðstoðar Árna Guðmundssonar skólastjóra Í.K.Í. sem sá um skriflegt próf, er nemendur tóku að loknu námskeiði. Preyttu 12 nemendur, allir úr Í.K.Í., prófið og stóðust með prýði, hlutu 80 stig af 100 mögulegum að meðaltali. Verður vart ofmetið gildi slíkra námskeiða til útbreiðslu körfuknattleiksins út um landsbyggðina, en margir þessara íþróttakennara hverfa þangað til starfa.

Ráðgert var að halda námskeið í R.v.k. í byrjun október, en frá því var horfið vegna seinkunnar á prentun nýju körfuknattleikreglnanna. Verður væntanlega haldið námskeið strax er reglurnar koma út.

Ný jung: Að tilhlutan U.M.F.Í. og Bréfaskóla S.Í.S. er nú í athugun að semja og gefa út kennslubréf í körfuknattleiksreglum. Verður kennslufyrirkomulag það sama og tiðkast í öðrum námsgreinum Bréfaskóla S.Í.S. Þetta kennslufyrirkomulag fyrir dómara er tekið upp eftir fyrirmynnd frá frændum okkar Norðmönnum, sem hafa fært sér þetta í nyt síðustu ár með góðum árangri. Ætti þetta fyrirkomulag að bæta nokkuð úr leiðbeinendaskort sem mjög hefur hamlað upp gangi körfuknattleiks úti á landi. Ráðgert er að nemendur geti öölast héraðsdómararéttindi að loknum prófum. Verður unnin bráður bugur á að koma þessu í verk hið fyrstá.

Milliríkjadómarar: Stjórn KKÍ skipaði 1. janúar 1966 þá Guðmund Þorsteinsson Í.R. og Guðjón Magnússon Í.S. milliríkjadómari. Dæmdi hvor um sig 3 landsleiki á árinu, hér heima en Guðjón auk þess 5 leiki erlendis.

K.K.D.Í.: Milliganga var höfð fyrir KKÍ gagnvart K.K.D.Í. um útvegun dómara og annað starfsfólk vegna leikja við erlend lið. Brást stjórn K.K.P.Í. ávalt fljótt og vel við. Hefur samstarf við K.K.P.Í. verið mjög gott á árinu,

Lokaord: Því miður hefur litlu orðið áorkað um bætt ástand í dómríamálum. Fjöldi hæfra körfuknattleiksdómara fer sífellt minnkandi. Er það reyndar ekkert furðulegt ef tekið er tillit til allra aðstæðna. Ekkert hlutverk í íþróttakeppni er jafn vanþakklátt som starf dómarans. Það hörmulegasta í þessum efnum er að virðing leikmanna og þjálfara fyrir dómurum fer sífellt minnkandi. Er þar þjálfurunum mest um sö kenna. Erlendis leggja þjálfarar mikið upp úr virðingu leikmanna fyrir dómara leiks enda margir frægustu þjálfarar hoims ágætir körfuknattleiksdómarar. Að öllu þessu athuguðu er ljóst að ástandið verður eigi bætt með samþykkt eða lagabreytingu, heldur aðeins á þann hátt að þjálfarar og leikmenn sjái að hvílíkum feigðarós þá rekur með hegðun sinni því án dómara fer enginn leikur fram.

Guðjón Magnússon,
form. laga- og leikreglunefndar.

Skýrsla útbreiöslunefndar.

Í útbreiösluncnd K.K.Í. störfuðu á þessu tímabili þeir Ólafur Thorlasíus og Sigurður P. Gíslason auk formanns nefndarinnar Ásgeirs Guðmundssonar.

1. Námskeið: Að tillögu nefndarinnar og með samþykki stjórnar K.K.Í. var ráðinn framkvæmdarstjóri fyrir nefndina í maí 1966. Auglýst var oftir starfeskrafti og bárust 3 umsóknir.

Í samvinnu við K.K.R.R. var haldið unglinganámskeið í körfuknattleik í Reykjavík í júní mánuði og var kennt á tveim stöðum og önnuðust kennsluna Þórarinn Ragnarsson og Einar Ólafsson.

Gorðu menn sér vonir um að hægt væri að boða til námskeiða á þrem stöðum í borginni, en þátttaka reyndist ekki nægileg og var því aðeins kennt á tveim.

Nefndin ákvað að gefa aðildarfélögum kost á þjálfara og var í því tilcfni nent út bréf það, sem hér fer á eftir:

KÖRFUKNATTLEIKSSAMBAND ÍSLANDS

GÓÐIR FÉLAGAR.

Sitthvað á döfinni.

Útbreiösluncnd K.K.Í. hefur mörg nýmæli á döfinni, svo sem umfangsmikla kynningarstarfsemi og körfuknattleiksnámskeið viðsvegar um landið, eftir óskum. Nú hefur verið ráðinn frankvæmdarstjóri og er það ósk okkar með þessu brófi, að haft verði samband við hann bréflega eða símleiðis og vorði komið á framfæri við hann óskum um námskeið, kynningarstarfsemi á viðkomandi stað og hvort ekki sé hægt að útvega leiktaiki, bolta, körfur, sem auðvelt er að koma fyrir úti, t.d. á leikvöllum. Nú hefur köffuknattleikur verið tekinn upp sem keppnisgrein á Lánsmóti U.M.F.Í. og ættu því félögin úti á landi að leggja sérstaka áherzlu að byggja bessa grein upp. Bikarkeppni Körfuknattleikssambandsins verður háð í sumar og verður fyrirkomulag hennar svipað og á s.l. ári. Alls hafa tólf lið tilkynnt þátttöku í keppninni. Þá hafa reglur um knattbrautir K.K.Í. verið endurskoðaðar og gefnar út að nýju og sendar öllum starfandi íþróttakennurum á landinu.

Bezti landsliðarárangurinn.

Á þessu ari hafa Íslendingar háð átta landsleiki í körfuknattleik, Fjórir leikir unnust, tveir gegn Skotum hér í Reykjavík og tveir í Kaupmannahöfn, gegn Norðmönnum og Dönum. Fjórir landsleikir töpuðust, b.e. tveir landsleikir gegn Pólverjum í Reykjavík. Tveir töpuðust í Kaupmannahöfn á Norðurlandsmoistaramótinu, er héð var gegn Svíum og Finnnum. Er betta betri árangur en nokkurt annað íslenzkt landslið hefur náð á sama tíma.

Polar-Cup á Íslandi 1968.

Íkvæðið hefur verið að næsta Polar-Cup-keppni fari fram hér heima árið 1968, á vegum K.K.Í. Skemmtilegt verkefni að vinna að og eykur samband okkar við aðrar þjóðir.

Í haust er fyrirhugað námskeið fyrir þjálfara, og verður nánar skýrt frá því síðar.

Að lokum þetta.

Það or ósk okkar að bið samband við okkur sem allra fyrst, sendið fréttir, látið vita ef hægt er að aðstoða með þjálfara, filmur um körfuknattleik o.fl. Við erum reiðubúnir að veita alla þá aðstoð, sem möguleg er.

Með kærri kveðju,
f.h. K.K.Í.

Pórarinn Ragnarsson
Hallveigarstíg 8
(P.O. Box 864)
Reykjavík. Sími: 16385.

Ekki komu fram óskir um aðstoð en vinsamleg svarbróf bárust frá einstaka aðila og bökkum við fyrir góð orð.

2. Bikarkeppni. Eins og s.l. ár var bikarkeppnin eitt af aðalmálum útbreiðslunefndar.

Fylgt var í meginatriðum því skipulagi, er komið var á í upphafi og gafst það nokkuð vel. Færri félög tilkynntu þátttöku nú en árið áður, eða alls 12.

Var þeim skipað í 4 riðla en sigurvegarar í hverjum riðli kepptu síðan til úrslita í Reykjavík dagana 15. og 16. okt. svo sem nánar er skýrt frá á öðrum stað í skýrslunni. Bréf var sent til aðildarfélaga um riðlaskiptingu og fer það hér á oftir,

Körfuknattleikssamband Íslands
Bikarkeppni 1966.

Góðir félagar.

Stjórn KKÍ pakkar öllum beim aðilum, sem tilkynnt hafa þátttöku sína í bikarkeppni KKÍ 1966.

Eins og ykkur er kunnugt var fyrsta bikarkeppni KKÍ háð í fyrra og var þá um tilraun að ræða til að gefa körfuknattleiksmönnum hvar sem er á landinu verkefni til að glíma við. Það skal eigi örölengja að keppni sú tókst hið bezta og er það von okkar að keppnin nuna 1966 verði eigi síðri.

Hjálagt er ykkur send riðlaskipting í bikarkeppninni. Við viljum vekja athygli á, að hér er um keppni með útslattafyrirkomulagi að ræða og aðeins leikin ein umferð. Það lið sem tapar leik er því fallið úr keppninni.

Par sem aðstæður eru slíkar að ekki er hægt að fá löglegan keppnisvöll úti, en íþróttahús er svo lítið að ekki er hægt að leika með fimm mönnum í liði, þá er leyfilegt að keppa með fjögurra manna liðum.

Leiktími skal vera tveir 20 mín. hálfleikir, eins og gildir í meistaraflokki, enda þótt ekki sé krafist aldursflokkskiptingu

í bessari keppni.

Gæta skal þess að hafa löglegan dómara og eru framkvæmdaraðilar riðlanna hvattir til að hafa samband við formann dómnefndar KKÍ, Guðjón Magnússon, sím 35114, Reykjavík, ef þeir burfa að aðstoð með dómara að halda.

1.umferð skal vera lokið fyrir 1.júlí.

2.umferð skal vera lokið fyrir 15.sept,

Fjögurra liða úrslit fara fram í Reykjavík, væntanlega um miðja september, eftir því sem húsnæði fæst.

Áriðandi er, að framkvæmdaraðilar sendi tafarlaust í pósti til KKÍ. leikskýrslur, jafnskjótt og leikir hafa farið fram.

Eftirtöldum aðilum er falin framkvæmd keppninnar í sínum riðlum:

1.riðill UMF Skallagrimur

2.riðill Íþróttafélagið Pór

3.riðill UMF Selfoss

4.riðill Glímufélagið Ármann

Stjórn KKÍ mun sjálf annast umsjón með f jögurra liða úrslitakeppni í Reykjavík.

Með íþróttakveðju,
Stjórn KKÍ, Útbreiðslunefnd.

Niðurröðun Leikja í bikarkeppni KKÍ.

I.riðill
UMF Snæfell
UMF Skallagrimur Körfuknattleiksfélagið Ísafjörður, ÚRSLIT

II.riðill
UMF Tindastóll
UMF Vestur Hún, Íþróttafélagið Pór ÚRSLIT

III.riðill
UMF Selfoss
UMF Hrunamanna Íþróttafélag Keflavíkur, ÚRSLIT

IV.riðill
Íþróttafélag Reykjavíkur
Knattspyrnufélag Reykjavíkur Glímufélagið Ármann ÚRSLIT

Hinn 1. nót, s.l. var Helgi Jóhannsson landsliðspjálfari ráðinn frankvæmdarstjóri útbreiðslunefndar og landsliðspjálfari um eins árs skeið og væntir nefndin sér mikils af þessum ágæta starfskrafti, sem um árábil hefur verið landsliðspjálfari og áhugamaður um körfuknattleik.

Verkefni í sambandi við útbreiðslu íþróttarinnar eru ótæmandi og verða oft ekki skilin frá hinum almennu verkefnum stjórnar K.K.Í.

Ínis mál hafa verið til umræðu hjá útbreiðslunefnd s.s. utgáfa fjörlitaðs kennslubækklings, sem dreift yrði meðal allra áhugasamra körfuknattleiksmanna, en tímaskortur hefur háð aðgerðum í því málí og er það enn í athugun,

EKKI bárust óskir frá félögum innan K.K.Í. um þjálfaranámskeið og var því ekki haft samband við íþróttak. sk. Íslands um slikt námskeið.

Pörfin er þó fyrir hendi í ríkum mæli.

Úrslit einstakra leikja í Bikarkeppni KKÍ 1966.

Undanrásir:

UMF Snæfell-UMF Skallagrimur	58:50
UMF Snæfell-KFÍ(Ísafjörður)	77:42 (39:26)
UMF Selfoss-UMF Hrunamanna	119:45 (47:24)
Ármann-KR	37: 50 00 (22:18)
ÍKF-UMF Selfoss	54:48 (15:12)

Úrslitariðill:

KR-Pór	59:42 (31:24)
ÍKF-UMF Snæfell	45:32 (20:15)
KR-ÍKF	57:54 (34:15)
Pór-UMF Snæfell	45:32 (20:15)

RÖÐ: I. K.R. bikarmeistari 1966

II. Í.K.F.

III. Pór

IV. UMF Snæfell.

Reykjavíkurmót í körfuknattleik 1965.

Hótið fór fram á tímabilinu 6. nóv. til 16. des. Eitt leikkvöld fór fram í íþróttahúsi Háskólans og nokkrir leikir í yngsta aldursflokk fóru fram í æfingartínum félaga. Að öðru leyti fór mótið fram í íþróttahúsini að Hálogalandi. Hér á eftir fara úrslit einstakra leikja, úrslit hvers flokks fyrir sig og loks heildarárangur hvers félags.

Meistaraflokkur karla

ÍS-Á	33-72
ÍR-KFR	46-62
ÍS-KFR	32-56
ÍR-Á	56-59
ÍS-KR	45-91
KFR-Á	62-57
ÍS-ÍR	41-70
KFR-KR	67-57
Á-KR	65-82
KR-ÍR	76-69

Sigurvegari KFR	8	stig	247-192
2. KR	6	"	306-246
3. Á	4	"	253-233
4. ÍR	2	"	241-238
5. ÍS	0	"	151-289

I. flokkur karla

KR-ÍR	46-42
ÍR-Á	51-58
KR-Á	26-34

Sigurvegari Á	4	stig	92-77
2. KR	2	"	72-76
3. ÍR	0	"	93-104

II. flokkur karla

KR-KFR	31-61
ÍR-Á	49-43
KR-ÍRa	22-67
KFR-Á	38-46
KR-ÍRb	47-40
KR-Á	32-33
KFR-ÍRa	27-63
ÍRb-KFR	35-36
ÍRa-Á	48-35
ÍRa-ÍRb	64-36

Sigurvegari	íRa	8	stig	242-120
2.	KFR	4	"	162-175
3.	Á	4	"	157-167
4.-5.	íRb	2	"	160-190
4.-5.	KR	2	"	132-201

III. flokkur drengja

íRa-Á	22-9
KR-Á	21-14
KR-íRb	68-5
KR-íRa	30-13
íRb-Á	5-21
íRa-íRb	34-14

Sigurvegari	KR	6	stig	119-33
2.	íRa	4	"	70-53
3.	Á	2	"	44-48
4.	íRb	0	"	24-123

IV. flokkur drengja

KR-íRa	4-24
Áa-íRb	8-12
KR-Áa	7-4
Íb-íRa	2-31
íRa-íRb	34-8
Ía-íRa	16-39
KR-Áb	2-0
KR-íRb	2-0
íRb-Áb	féll niður
Áa-Áb	do do

Sigurvegari	íRa	8	stig	128-30
2.	KR	6	"	15-28
3.	íRb	2	"	20-44
4.	Áa	0	"	28-58
5.	Áa	0	"	2-33

Samandregið

Félag	Stig	L e i k i r unnir-tapaðir-all	S t i g sett:fengin	Hlutfalls- tala	Meðalstig í leik
í.R.	24	12 - 16 - 28	978:902	1.08	34.9
K.R.	22	11 - 6 - 17	644:584	1.10	37.9
Ármann	14	7 - 14 - 21	576:616	0.93	27.4
K.F.R.	12	6 - 2 - 8	409:367	1.11	51.1
í.S.	0	0 - 4 - 4	151:289	0.52	37.8

Frá K.K.R.R.

Íslandsmót 1966:

Íslandsmót 1966 fór fram á vegum KKÍ. Sigurvegarar í einstökum flokkum urðu:

M.fl.	I.deild	KR
	II. "	ÍS
I.fl.	karla	KR
II.fl.	"	Armann
III.fl.	"	KR
IV.fl.	"	ÍR
M.fl.	kvenna	ÍR
II.fl.	"	Snæfell

Fimm lið léku í fyrstu deild, KR, ÍR, Armann, KFR og ÍKF.
Leikinn var tvöföld umferð í I.deild,
Úrslit einstakra leikja:

Fyrri umferð:

ÍKF - A	50:64
ÍKF - KR	35:81
ÍKF - ÍR	49:76
KR - KFR	90:64
ÍKF - KFR	63:72
KFR - ÍR	76:81
A - KFR	78:75
A - KR	61:86
A - ÍR	55:54
KR - ÍR	68:55

Seinni umferð:

ÍKF - A	56:82
ÍKF - KR	47:100
ÍKF - ÍR	42:68
KFR - KR	85:111
ÍKF - KFR	63:70
KFR - ÍR	82:104
KFR - A	89:92
A - KR	53:71
A - ÍR	51:69
KR - ÍR	94:59

Lokastaða:

1. KR	8 8 0	698:461	16 stig
2. ÍR	8 5 3	566:517	10 "
3. Armann	8 5 3	526:550	10 "
4. KFR	8 2 6	613:679	4 "
5. ÍKF	8 0 8	415:603	0 "

Stigahæstu leikmenn í I. deild voru:

Einar Bellason	KR	210	stig
Pórir Magnússon	KFR	178	"
Einar Matthíasson	KFR	169	"
Hólmsteinn Sigurösson	ÍR	153	"
Birgir Örn Birgis	A	151	"

í II. deild léku, Íþróttafélag stúdента, UMF Skallagrímur, UMF Snæfell,
og Héraössambandið Skarphéðinn.

Úrslit einstakra leikja:

Snæfell	-	HSK	62:72
Skallagrímur	-	HSK	47:67
Skallagrímur	-	Snæfell	49:55
Snæfell	-	ÍS	44:70
Skallagrímur	-	ÍS	30:71
ÍS	-	HSK	49:44

Lokastaðan varð:

1. ÍS	3 3 0	190:118	6	stig
2. HSK	3 2 1	183:158	4	"
3. Snæfell	3 1 2	161:191	2	"
4. Skallagr.	3 0 0	126:193	0	"

I.fl. karla: Úrslit einstakra leikja:

ÍS	-	KFR	44:22
ÍR	-	ÍS	70:53
KR	-	ÍS	2:0
KR	-	KFR	49:41
KR	-	ÍR	44:36
KFR	-	Á	60:57
ÍS	-	Á	79:32
KR	-	Á	58:40
ÍR	-	KFR	49:51 (41:41)
ÍR	-	Á	60:57

Lokastaða:

1.	KR	4	2	4	2	0	153:117	8	stig
2.	ÍS	4	2	2			176:126	4	"
3.	ÍR	4	2	2			215:205	4	"
4.	KFR	4	1	3			147:192	2	"
5.	ÍS	4	1	3			179:230	2	"

II.fl. karla:

Skipt var í riðla að þessu sinni, í því skyni að gefa liðum utan Reykjavíkur kost á að vera með, án þess að fjölgæ byrfti leikjum úr hófi fram.

Úrslit einstakra leikja í Reykjavíkurriðli:

ÍR	-	Á	53:50
KR	-	KFR	42:40
Á	-	KFR	62:38
Á	-	KR	45:40
ÍR	-	KFR	39:44
KR	-	ÍR	49:42

Lokastaða:

1.-2.	Á	3	2	1	157:131	4	stig
1.-2.	KR	3	2	1	131:127	4	"
3.	ÍR	3	1	2	134:134	2	"
4.	KFR	3	1	2	122:143	2	"

Leika þurfti aukaleiki til að fá úr því skorið hvort liðið héldi áfram. Bar Ármann sigur af hólmi úr þeirri viðureign og hélt áfram í úrslitakeppnina ásamt H.S.K., UMF Skallagrímur og ÍBA.

Úrslit einstakra leikja í lokakeppni:

Skallagrímur - A	28:62
A - ÍBA	35:28
HSK - A	51:64
HSK - ÍBA	59:40
HSK - Skallagrímur	55:34
Skallagrímur - ÍBA	25:35

Lokastaða:

1. A	3 3 0	161:107	6 stig
2. HSK	3 2 1	165:138	4 "
3. ÍBA	3 1 2	103:119	2 "
4. UMFS	3 0 2	87:152	0 "

III.fl. karla:

ÍR - A	25:16
KR - ÍR	30:22
KR - A	30:12

IV.fl. karla:

ÍR - A	11:3
KR - ÍR	12:33
KR - A	10:16

Lokastaða:

1. KR	2 2 0	60:34	4 stig
2. ÍR	2 1 1	47:46	2 "
3. A	2 0 2	28:55	0 "

Lokastaða:

1. ÍR	2 2 0	44:15	4 stig
2. KR	2 1 1	22:39	2 "
3. A	2 0 2	9:21	0 "


I. flokkur kvenna:

Aðeins tvö félög sendu lið, KR og ÍR. Sigraði ín með 28:18

II. flokkur kvenna:

Eins og í meistaraflokki sendu aðeins tvö félög lið í pennan flokk, UMF Snæfell, Stykkishólmur og KR. Leiknum lauk með sigri Snæfell 19 stigum gegn 12.

Alls tóku þátt í mótinu að þessu sinni 31 lið frá 10 félögum, þar af 8 lið frá félögum utan Reykjavíkur.



25. O K T O B E R 1965 T I L 14. N O V E M B E R 1966.

Tekjur:

Styrkir frá í.s.f.	Kr. 60,275,58
Skattihluti K.K.Í.	" 6,160,00

Íslandsmótt:

Tekjur	Kr. 17,199,05
+ Gjöld	<u>" 15,250,00</u>
Vextir	" 252,12
Tekjur af leikskrá	" 10,658,60
Tekjur af happadrætti K.K.Í.	" 130,475,00
Tap	" 22,715,35

Kr. 232,485,70

H I N N 14, NOVEMBER 1966.

SKULDIR:

K,K,R,R,		Kr.	5,000,00
Bogi Þorsteinsson		"	9,091,86
Valur		"	1,200,00
Bókasjóður f.s.f.		"	4,000,00
K,K,D,I,		"	5,500,00
Július Guðjónsson		"	4,240,00
Einar Matthiasson		"	56,10
Hagnús Björnsson		"	69,00
Flugfélag Íslands h/f		"	65,000,00
Morgunblaðið		"	10,080,00
B,S,R,		"	270,00
Lögbirtingarblaðið		"	150,00
Hrcin eign 25/10 1965	Kr.	21,386,69	
Ofreiknaðar skuldir við K.R. og Val	<u>ffá,</u>	<u>5,240,00</u>	
	Kr.	26,626,69	
Tap skv. rekstrarreikningi	"	22,715,35"	3,911,34

Kr. 108,568,30

Reykjavík, 16. nóvember 1966,
Práinn Scheving (sign)

Við undirritaðir höfum endurskoðað framanskráðan rekstrar- og efnahagsreikning pr. 14/11 1966, fyrir Körfuknattleikssamband Íslands og ekkert fundið athugavert.

Reykjavík, 17. nóvember 1966,
Helgi V. Jónsson (sign)
Þórir Guðmundsson (sign)